

**FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR  
(ESB) 2016/1712****2020/EES/26/24****frá 7. júní 2016**

**um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/59/ESB um að koma á ramma um endurreisn og skilameðferð lánastofnana og verðbréfafyrirtækja að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla sem tilgreina lágmarksupplýsingar um fjárhagslega samninga sem nákvæmar skrár ættu að taka til og við hvaða aðstæður ætti að beita kröfunum (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/59/ESB frá 15. maí 2014 sem kemur á ramma um endurreisn og skilameðferð lánastofnana og verðbréfafyrirtækja og um breytingu á tilskipun ráðsins 82/891/EBE og tilskipunum 2001/24/EB, 2002/47/EB, 2004/25/EB, 2005/56/EB, 2007/36/EB, 2011/35/ESB, 2012/30/ESB og 2013/36/ESB og reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 og (ESB) nr. 648/2012 <sup>(1)</sup>, einkum 8. mgr. 71. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Til að tryggja að lögbær yfirvöld og skilavöld haft auðveldan aðgang að gögnum um fjárhagslega samninga, eins og þeir eru skilgreindir í 100. lið 1. mgr. 2. gr. tilskipunar 2014/59/ESB, þegar fyrirsjáanlegt er í viðkomandi skilaáætlun eða skilaáætlun samstæðu að gripið verði til skilaaðgerðar að því er varðar stofnun eða einingu, sem um getur í b-, c- eða d- lið 1. mgr. 1. gr. tilskipunar 2014/59/ESB, ættu þau að fara fram á það við stofnanir og einingar að þær viðhaldi á áframhaldandi grundvelli lágmarksupplýsingum um slíka samninga. Þetta ætti að vera með fyrirvara um möguleika lögbærra yfirvalda eða skilavalda til að fara fram á að viðbótarupplýsingar verði geymdar í nákvæmum skráum um fjárhagslega samninga og til að leggja slíkar kröfur á aðrar stofnanir eða einingar sem um getur í b-, c- eða d-lið 1. mgr. 1. gr. tilskipunar 2014/59/ESB þegar þörf er á til að tryggja alhliða og skilvirka áætlanagerð.
- 2) Ákvarða ætti lágmarksupplýsingar sem viðkomandi stofnanir eða einingar skulu hafa í nákvæmum skráum yfir fjárhagslega samninga á skýran hátt. Það ætti að vera með fyrirvara um ákvörðun lögbærra yfirvalda og skilavalda um að nota þær sem sniðmát, eða sem framsetningu á sniði sem umbeðnar upplýsingar skulu látnar í té með, innan tímarammans sem settur er fram í beiðninni.
- 3) Til að taka af allan vafa ætti krafan sem lögð er á viðkomandi stofnanir eða einingar um að halda nákvæmar skráir um fjárhagslega samninga ekki að hafa áhrif á rétt lögbærra yfirvalda og skilavalda til að fara fram á nauðsynlegar upplýsingar úr viðskiptaskráum í samræmi við 81. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 <sup>(2)</sup> og 7. mgr. 71. gr. tilskipunar 2014/59/ESB.

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stj. 2016, ESB L 258, 24.9.2016, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 19/2019 frá 8. febrúar 2019 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stj. 2014, ESB L 173, 12.6.2014, bls. 190.

(2) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 frá 4. júlí 2012 um OTC-afleiður, miðlæga mótaðila og afleiðuviðskiptaskrár (Stj. 2012, ESB L 201, 27.7.2012, bls. 1).

- 4) Reglugerð þessi byggist á drögum að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem Evrópska bankaeftirlitsstofnunin hefur lagt fyrir framkvæmdastjórnina.
- 5) Evrópska bankaeftirlitsstofnunin hefur haft opið samráð við almenning um drögin að tæknilegu eftirlitsstöðlunum sem þessi reglugerð byggist á, greint mögulegan, tengdan kostnað og ávinning og óskað eftir áliti hagsmunahópsins um banka-starfsemi sem komið var á fót í samræmi við 37. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 <sup>(1)</sup>.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

### Kröfur um að halda nákvæmar skrár um fjárhagslega samninga

1. Lögbært yfirvald eða skilavald skal krefja stofnun eða einingu, sem um getur í b-, c- eða d-lið 1. mgr. 1. gr. tilskipunar 2014/59/ESB, um að halda nákvæmar skrár um fjárhagslega samninga þegar fyrirsjáanlegt er að í skilaáætluninni eða skilaáætlun samstæðu verði gripið til skilaaðgerða í tengslum við hlutaðeigandi stofnun eða einingu enda séu skilyrði skilameðferðar uppfyllt.

2. Lögbærum yfirvöldum og skilavöldum er heimilt, þegar nauðsynlegt er að tryggja alhliða og skilvirka áætlanagerð, að gera þær kröfur sem um getur í 1. mgr. á stofnanir eða einingar sem um getur í b-, c- eða d-lið 1. mgr. 1. gr. tilskipunar 2014/59/ESB og falla ekki undir 1. mgr. þessarar greinar.

2. gr.

### Lágmarksupplýsingar um fjárhagslega samninga sem nákvæmar skrár ættu að taka til

1. Stofnun eða eining, sem ber skylda til að halda nákvæmar skrár yfir fjárhagslega samninga skv. 1. gr., skal halda eftir, á áframhaldandi grundvelli, lágmarksupplýsingum sem skráðar eru í viðaukanum fyrir hvern fjárhagslegan samning í skrárm þess.

2. Stofnunin eða einingin sem um getur í 1. mgr. skal, að beiðni lögbærs yfirvalds eða skilavalds, gera umbeðnar upplýsingar um fjárhagslega samninga tiltækar og senda þær yfirvaldinu sem leggur fram beiðnina, innan þeirra tímamarka sem sett eru fram í beiðninni.

3. Þegar upplýsingareitur sem skráður er í viðaukanum á ekki við um ákveðna tegund fjárhagslegs samnings og stofnunin eða einingin, sem um getur í 1. mgr., getur sýnt lögbæra yfirvaldinu eða skilavaldinu fram á það, skulu upplýsingar sem eru viðkomandi þeim reit vera undanþegnar kröfunum í 1. gr.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

<sup>(1)</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska bankaeftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og niðurfellingu ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2009/78/EB (Stjútíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 12).

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 7. júní 2016.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Jean-Claude JUNCKER

*forseti.*

---

## VIÐAUKI

## Lágmarksupplýsingar um fjárhagslega samninga sem nákvæmar skrár ættu að taka til

	Reitur	Lýsing á upplýsingunum sem eiga að vera í nákvæmum skrár um fjárhagslega samninga
<b>1. þáttur — Aðilar að fjárhagslega samningnum</b>		
1	Tímastimpill skráahalds	Dag- og tímasetning skráarfærslu.
2	Tegund auðkennis hjá skýrslugefandi mótaðila	Tegund kóða sem notaður er til að auðkenna skýrslugefandi mótaðila.
3	Auðkenni skýrslugefandi mótaðila	Einkvæmur kóði (auðkenni lögaðila (LEI) þegar hann er tiltækur) sem auðkennir skýrslugefandi mótaðilann.
4	Tegund auðkennis hjá hinum mótaðilanum	Tegund kóða sem er notaður til að auðkenna hinn mótaðilann.
5	Auðkenni hins mótaðilans	Einkvæmur kóði (LEI, þegar hann er tiltækur) sem auðkennir hinn mótaðila fjárhagslega sammingsins. Fylla skal út þennan reit út frá sjónarhorni skýrslugefandi mótaðilans. Sé um einstakling er að ræða skal nota kóða viðskiptavinar með samkvæmum hætti.
6	Heiti skýrslugefandi mótaðilans	Firmaheiti skýrslugefandi mótaðilans. Þennan reit má skilja eftir auðan ef auðkenni lögaðila er notað til að auðkenna skýrslugefandi mótaðilann.
7	Lögheimili skýrslugefandi mótaðilans	Upplýsingar um skráða skrifstofu, þar sem fram kemur fullt pósthfang, borg og land skýrslugefandi mótaðilans. Þennan reit má skilja eftir auðan ef auðkenni lögaðila er notað til að auðkenna skýrslugefandi mótaðilann.
8	Land hins mótaðilans	Landskóði landsins þar sem skráð skrifstofa hins mótaðilans er staðsett eða aðsetursland hans þegar hinn mótaðilinn er einstaklingur.
9	Gildandi lög	Tilgreinið lög sem gilda um fjárhagslega samninginn.
10	Samningsbundin viðurkenning — Niðurfærslu- og umbreytingarheimild (aðeins fyrir samninga sem falla undir lög þriðju lands með fyrirvara um kröfurnar um samningskilmála samkvæmt fyrstu undirgrein 1. mgr. 55. gr. tilskipunar 2014/59/ESB)	Samningsskilmálar sem krafist er skv. 1. mgr. 55. gr. tilskipunar 2014/59/ESB. Þegar slíka samningsskilmála er að finna í rammamningi og þeir gilda um allar atvinnugreinar sem falla undir rammamninginn má skrá þá á rammamningsstigi.
11	Samningsbundin viðurkenning — Tímabundin niðurfelling á uppsagnarrétti (aðeins fyrir samninga sem falla undir lög þriðja lands)	Samningsskilmálar þess efnis að lánardrottinn eða aðili að samkomulagi, sem er til grundvallar skuldbindingunni, viðurkenni valdheimild skilavalds aðildarríkis til að fella uppsagnarrétt tímabundið úr gildi. Þegar slíka samningsskilmála er að finna í rammamningi og þeir gilda um allar atvinnugreinar sem falla undir rammamninginn má skrá þá á rammamningsstigi.

	Reitur	Lýsing á upplýsingunum sem eiga að vera í nákvæmum skráum um fjárhagslega samninga
12	Samningsbundin viðurkenning — Heimildir skilavalds (aðeins fyrir samninga sem lög þriðja lands gilda um)	Mögulegir samningsskilmálar þess efnis að lánardrottinn eða aðili að samkomulagi, sem er til grundvallar skuldbindingunni, viðurkenni valdheimild skilavalds aðildarríkis til að beita öðrum heimildum skilavalds en þeim sem auðkenndar eru í 10. og 11. reit.  Þegar slíka samningsskilmála er að finna í rammasamningi og þeir gilda um allar atvinnugreinar sem falla undir rammasamninginn má skrá þá á rammasamningsstigi.
13	Kjarnaviðskiptasvið	Tilgreinið hvaða kjarnaviðskiptasvið, eitt svið eða fleiri, fjárhagslegi samningurinn varðar, ef einhver.
14	Virði samningsins	Mat á markaðsvirði fjárhagslega samningsins eða á útreiknuðu virði sem notað er við beitingu 2. mgr. 11. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 og tilkynnt er um við beitingu á 9. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 og framseldum reglugerðum og framkvæmdarreglugerðum sem samþykktar eru á grundvelli hennar. Nota má mat miðlægs mótaðila vegna stöðustofnaðra viðskipta.
15	Gjaldmiðill virðisins	Gjaldmiðillinn sem notaður er til mats á fjárhagslega samningnum.
16	Tímastimpill matsins	Dag- og tímasetning síðasta matsins.  Tilgreina skal dag- og tímasetningu útgáfu á viðmiðunum fyrir mat á markaðsvirði.
17	Tegund mats	Tilgreinið hvort matið var framkvæmt á markaðsvirði eða útreiknuðu virði eða verið látið í té af hálfu miðlægs mótaðila.
18	Tryggingar	Tilgreinir hvort tryggingasamningur er fyrir hendi milli mótaðilanna. Falli fjárhagslegur samningur undir skýrslugjafarkröfurnar í 9. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 og framseldar reglugerðir og framkvæmdarreglugerðir sem samþykktar á grundvelli hennar skal veita upplýsingar um tryggingar í samræmi við þessar kröfur.
19	Tryggingasafn	Hvort tryggingin var sett á safngrunni. Safn merkir að tryggingin er reiknuð á grundvelli nettóstöðu samansafns af samningum en ekki á hver einstök viðskipti.
20	Kóði tryggingasafns	Sé tryggingin tilkynnt á safngrunni ætti safnið að vera auðkennt með einkvæmum kóða sem skýrslugefandi mótaðilinn ákvarðar.
21	Framlögð upphafstrygging	Virði upphafstryggingar sem skýrslugefandi mótaðilinn leggur fram gagnvart hinum mótaðilanum.  Sé upphafstryggingin lögð fram á safngrunni ætti að tilgreina í þessum reit heildarvirði upphafstrygginga sem lagðar eru fram í safnið.
22	Gjaldmiðill framlagðrar upphafstryggingar	Tilgreinið gjaldmiðil framlagðrar upphafstryggingar.
23	Framlögð viðbótartrygging	Virði viðbótartryggingar sem skýrslugefandi mótaðilinn leggur fram fyrir hinn mótaðilann, þ.m.t. uppgjörið.  Sé viðbótartryggingin lögð fram á safngrunni ætti að tilgreina í þessum reit heildarvirði viðbótartrygginga sem lagðar eru fram í safnið.

	Reitur	Lýsing á upplýsingunum sem eiga að vera í nákvæmum skráum um fjárhagslega samninga
24	Gjaldmiðill framlagðrar viðbótartryggingar	Tilgreinið gjaldmiðil framlagðrar viðbótartryggingar.
25	Móttekin upphafstrygging	Virði móttekinnar upphafstryggingar sem skýrslugefandi mótaðilinn tekur við fyrir hinn mótaðilann. Sé tekið við upphafstryggingunni á safngrunni ætti að tilgreina í þessum reit heildarvirði upphafstrygginga sem tekið er við í safnið.
26	Gjaldmiðill móttekinnar upphafs-tryggingar	Tilgreinið gjaldmiðil móttekinnar upphafstryggingar.
27	Móttekin viðbótartrygging	Virði viðbótartryggingar sem skýrslugefandi mótaðilinn tekur við fyrir hinn mótaðilann, þ.m.t. uppgjörð. Sé tekið við viðbótartryggingu safngrunni ætti að tilgreina í þessum reit heildarvirði viðbótartrygginga sem tekið er við í safnið.
28	Gjaldmiðill móttekinnar viðbótartryggingar	Tilgreinið gjaldmiðil móttekinnar viðbótartryggingar.
<b>Þáttur 2a — Tegund fjárhagslegs samnings</b>		
29	Tegund fjárhagslegs samnings	Flokka skal fjárhagslega samninginn skv. 100. lið 1. mgr. 2. gr. tilskipunar 2014/59/ESB.
30	Auðkenni fjárhagslegs samnings	Einkvæmt viðskiptaauðkenni þegar fjárhagslegur samningur fellur undir skýrslugjafarkröfurnar skv. 9. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 og framseldar reglugerðir og framkvæmdarreglugerðir sem samþykktar eru á grundvelli hennar. Fyrir aðra fjárhagslega samninga, auðkenni sem skýrslugefandi mótaðilinn úthlutar.
<b>Þáttur 2b — Upplýsingar um viðskiptin</b>		
31	Gildistöku dagur	Dagsetning þegar skuldbindingar samkvæmt fjárhagslega samningnum koma til framkvæmda.
32	Gjald dagur	Upprunalegur lokadagur tilkynnts fjárhagslegs samnings. Ekki skal skrá snemmbæra uppsögn í þennan reit.
33	Uppsagnardagur	Dagsetning ef um er að ræða snemmbæra uppsögn á tilkynntum fjárhagslegum samningi. Skilja skal þennan reit eftir auðan ef um er að ræða sama dag og lokadag.
34	Uppsagnarréttur	Tilgreinið hvort uppsagnarréttur hins mótaðilans samkvæmt tilkynntum fjárhagslegum samningi er byggður á ógjaldfærni eða fjárhagslegum aðstæðum stofnunar í skilameðferð. Þegar slíka samningskilmála er að finna í rammasamningi og þeir gilda um allar atvinnugreinar sem falla undir rammasamningurinn má skrá þá á rammasamningsstigi.
35	Tegund rammasamnings	Tilvísun í heiti viðkomandi rammasamnings ef hann er notaður fyrir tilkynnta fjárhagslega samninginn (t.d. ISDA-rammasamningur; Master Power Purchase and Sale Agreement; International ForEx Master Agreement; European Master Agreement eða allir staðbundnir rammasamningar).

	Reitur	Lýsing á upplýsingunum sem eiga að vera í nákvæmum skráum um fjárhagslega samninga
36	Útgáfa rammasamnings	Tilvísun í útgáfuár rammasamningsins sem notaður er fyrir tilkynntu viðskiptin, ef við á (t.d. 1992, 2002, o.s.frv.).
37	Skuldajöfnunarsamningur	Einkvæm tilvísun í skuldajöfnunarsamninginn ef fjárhagslegur samningur er hluti af skuldajöfnunarsamningi eins og hann er tilgreindur í 98. lið 1. mgr. 2. gr. tilskipunar 2014/59/ESB.
38	Tegund skuldbindingar/kröfu	Tilgreinið hvort skuldbindingar sem koma til vegna fjárhagslegra samninga eru: — að öllu leyti undanþegnar eftirgjöf skv. 2. mgr. 44. gr. tilskipunar 2014/59/ESB, — að hluta til undanþegnar eftirgjöf skv. 2. mgr. 44. gr. tilskipunar 2014/59/ESB, — ekki undanþegnar eftirgjöf skv. 2. mgr. 44. gr. tilskipunar 2014/59/ESB,
<b>Páttur 2c — Stöðustofnun</b>		
39	Stöðustofnunarskylda	Tilgreinið hvort fjárhagslegi samningurinn sem tilkynntur var að tilheyri flokki OTC-afleiðna sem falla undir stöðustofnunarskylduna og báðir mótaðilar samningsins falli undir stöðustofnunarskylduna skv. 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 á þeim tíma þegar fjárhagslegi samningurinn tekur gildi.
40	Stöðustofnað	Tilgreinið hvort stöðustofnun hefur farið fram.
41	Tímastimpill stöðustofnunar	Tími og dagsetning þegar stöðustofnunin fór fram.
42	Miðlægur mótaðili	Sé um að ræða fjárhagslegan samning sem hefur verið stöðustofnaður, einkvæmi kóðinn fyrir miðlæga mótaðilann, sem hefur stöðustofnað samninginn,
43	Innan samstæðu	Tilgreinið hvort fjárhagslegi samningurinn er gerður sem viðskipti innan samstæðu, eins og skilgreint er í 3. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012.